

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 18/2000

frá 28. janúar 2000

um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/97 frá 12. nóvember 1997⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2790/1999 frá 22. desember 1999 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða⁽²⁾, skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2790/1999 kemur, frá og með 1. júní 2000, í stað reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1983/83 og 1984/83 frá 22. júní 1983 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um einkadreifingu⁽³⁾ annars vegar og einkakaup⁽⁴⁾ hins vegar, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1582/97⁽⁵⁾, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4087/88 frá 30. nóvember 1988 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum umboðssamninga⁽⁶⁾, sem eru hluti af samningnum og ber því að fella brott úr honum frá og með 1. júní 2000.
- 4) Þar sem gildistími reglugerða (EBE) nr. 1983/83, 1984/83 og 4087/88 rann út 31. desember 1999 var hann framlengdur til 31. maí 2000 með reglugerð (EB) nr. 2790/1999. Sama framlenging ætti að gilda samkvæmt samningnum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 160, 4.6.1998, bls. 42 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 22, 4.6.1998, bls. 30.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 336, 29.12.1999, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 173, 30.6.1983, bls.1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 173, 30.6.1983, bls. 5.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 214, 6.8.1997, bls. 27.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 359, 28.12.1988, bls. 46.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1983/83) í XIV. viðauka við samninginn:

„- **399 R 2790:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2790/1999 frá 22. desember 1999 (Stjtíð. EB L 336, 29.12.1999, bls. 21).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1984/83) í XIV. viðauka við samninginn:

„- **399 R 2790:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2790/1999 frá 22. desember 1999 (Stjtíð. EB L 336, 29.12.1999, bls. 21).“

3. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 8. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4087/88) í XIV. viðauka við samninginn:

1. Bæta ber eftirfarandi við á undan aðlögunarliðunum:

„, eins og henni var breytt með:

- **399 R 2790:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2790/1999 frá 22. desember 1999 (Stjtíð. EB L 336, 29.12.1999, bls. 21).“

2. Aðlögunarliður j) falli brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIV. viðauka við samninginn og öðlast þær gildi 1. júní 2000:

1. Eftirfarandi komi í stað titils kafla B „SAMNINGAR UM EINKAKAUP OG – SÖLU“:

„LÓÐRÉTTIR SAMNINGAR OG SAMSTILLTAR AÐGERÐIR“.

2. Eftirfarandi komi í stað textans í 2. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1983/83) í XIV. viðauka við samninginn:

„**399 R 2790:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2790/1999 frá 22. desember 1999 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða (Stjtíð. EB L 336, 29.12.1999, bls. 21).“

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) í 6. gr. lesist málslíðurinn „á grundvelli 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 19/65/EBE“ sem „annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni hinnar eftirlitsstofnunarinnar, eða ríkis innan lögsögu hennar, eða einstaklinga eða lögpersóna sem telja sig eiga lögmætra hagsmuna að gæta“;
- b) eftirfarandi málsgrein bætist við í lok 6. gr.:

„Í slíkum tilvikum er þar til bærrí eftirlitsstofnun heimilt að gefa út ákvörðun í samræmi við 6. og 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 17/62, eða samsvarandi ákvæði sem eru fyrirhuguð í bókun 21 við EES-samninginn, án þess að viðkomandi fyrirtækjum sé gert að tilkynna það.““

3. Texti 3. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1984/83) falli brott.
4. Yfirskrift kafla E (Umboðssamningar) og texti 8. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4087/88) falli brott.

3. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2790/1999 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. janúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda frá 1. janúar 2000.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. janúar 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

F. Barbaso

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner

